

nokkru sinni snúið aftur og stigið fæti á föðurland mitt, til þess að reyna að endurgjalda yður, Dynar greifi, allar yðar velgjörðir og alla yðar góðsemi við mig, en eg bið yður einungis á þessari stundu að taka við mínu hjartanlegasta þakklæti fyrir alt og alt; munið eftir því, að á himninum uppi eru englar til, sem skrá hvert einasta góðverk, sem unnið er hér á jörðu niðri. Að þér hafið ekki veitt neinum vesaling hjálp, hafið þér þegar reynt og sannprófað að fullu. Þrátt fyrir alla þá eynd og volæði, sem eg nú kem fram fyrir yður á eftir flóttann og hríðarbylinn hérna um nóttina."

Og svo brann eldur úr augum honum, þá var hann bætti við:

"Eg er villidýr, sem blóðhundarnir hafa rekið yfir landamærin. Það tekur til hjarta míns, þegar föðurland mitt er fótum troðið og smánað á allan hátt. Þess vegna vilja menn binda og gera óskaðvænar þessar afarmiklu hendur. Þess vegna drap eg hug í hjarta mér og vogaði að leita undir leifum Oestralenku að hinu forna purpurafati Póllands. Þess vegna fer eg nú landflóttu eins og glæpamaður. Þér eruð þýzkur greifi. Þess vegna getið þér ekki skilið allar þær kvalir, sem hver Pólverji verður að þola, þegar hann hugsar um týnt frelsi Póllands. En hafðu bara þolinmæði, hitt elskaða, elskað Pólland, þolinmæði þangað til hin ungu hjón þess vaxa upp og það veit, að það er nógu sterkt til að kasta af sér skömminni og asnaokinu!"

"Hvað er landflótti og hvað er dauðinn sjálfur, þegar maður veit að alt þetta böl er fyrir þig?"

"Hvað gerir það til, þó eg fari landflóttu, fótgangandi, land úr landi?"

"Hvað gerir það til, þegar eg veit, að heilagt band bindur mig alla æfi við þig, föðurlandið mitt!